

Tillaga til 494. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 5. maí 2022

Tillaga frá 582. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar sem fram fór þann 13. apríl 2022, um að bæjarstjórn samþykki meðfylgjandi aðalskipulagsbreytingu í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga vegna strenglagna í Arnarfirði.

5. Landsnet - Ósk um breytingu á Aðalskipulagi vegna strenglagna í Arnarfirði – 2022030014

Lagður fram uppdráttur og greinargerð með tillögu um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 þar sem breytingin felur í sér lagningu nýs 16 km langs 66 kV jarðstrengs frá Mjólka að Hrafnseyrarhúsi og þaðan með sæstræng yfir Arnarfjörð í átt að Bíldudal.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja meðfylgjandi aðalskipulagsbreytingu í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga vegna strenglagna í Arnarfirði.